

1937 nr. 29 13. júní**Lög um útrýmingu sels í Húnaósi**

Tóku gildi 6. júlí 1937.

■ 1. gr.

Veiðifélag Vatnsdalsár skal hafa einkarétt til að útrýma

sel úr Húnaósi. Ræður stjórn félagsins mann eða menn til starfans.

■ 2. gr.

Presturinn í Steinnesi fái bætur fyrir missi heimatekna vegna selveiði í Húnaósi. Ríkissjóður greiðir bætunar eins og þær eru metnar.